BÖRN OG NETMIÐLAR

NETEINELTI OG KYNFERÐISLEG KOMMENT



2. HLUTI 2025

Netvis
Netöryggismiðstöð Íslands

FJÖLMIÐLANEFND

MENNTAVÍSINDASTOFNUN

BÖRN OG NETMIÐLAR

2. hluti - Neteinelti og kynferðisleg komment

Nóvember 2026
Fjölmiðlanefnd & Netvís - Netöryggismiðstöð Íslands
Menntavísindastofnun Háskóla Íslands

Höfundur: Ingibjörg Kjartansdóttir
Umsjón: Skúli Bragi Geirdal
ISBN: 978-9935-468-48-2
https://doi.org/10.33112/INYK7220
Mynd á forsíðu: Adobe Stock Image 282194331

ins@fe INHOPE Better Internet for Kids Samfjármagnað af Evrópusambandinu

EFNISYFIRLIT

1. NETEINELTI OG HÓTANIR

Mynd 1.1. Hafa upplifað að einhver hafi verið vondur við þau eða lagt í einelti á netinu, í símanum eða tölvuleikjum? [S.l. 12 mánuði] 9

Mynd 1.2. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi, skrifað ljótt komment til þín á netinu, í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum? 10

Mynd 1.3. Á hvaða appi eða vettvangi fékkst þú móðgandi eða ljót komment? 10

Mynd 1.4. Þú sagðist hafa fengið ljót komment í gegnum tölvuleik á netinu. Eftir hvaða leiðum var það? 11

Mynd 1.5. Hefur þú upplifað að einhver hafi, hótað þér á netinu, í símanum eða í tölvuleikjum? 12

Mynd 1.6. Hefur þú upplifað að einhver hafi, birt myndir af þér sem þér leiddist eða reitti þig til reiði? 12

Mynd 1.7. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi, útilokað þig frá hóp á netinu eða ekki leyft þér að taka þátt? 13

2. KYNFERÐISLEG KOMMENT

Mynd 2.1. Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu? 14


Mynd 2.2. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvernig upplifðir þú það? 14

Mynd 2.3. Hver hefur sent þér kynferðislegt komment? 15

Tafla 2.1. Á hvaða öppum eða vettvangi rakst þú fyrst á þennan ókunnuga einstakling? 16


Mynd 2.4. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvað gerðir þú? 17

HELSTU NIÐURSTÖÐUR



Ljót komment á netinu


Einn af hverjum fimm þátttakendum (20%) í framhaldsskóla hefur fengið ljót komment á netinu sl. 12 mánuði. Hlutfall hefur haldist nokkuð stöðugt milli áranna 2021, 2023 og 2025.



Staður ljótra kommenta.

Algengustu staðir sem þátttakendur hafa fengið ljót komment á, eru TikTok, í tölvuleikjum á netinu og Snapchat.


Aðrir valkostir voru mun sjaldnar nefndir.



Kynferðisleg komment

Heldur hefur dregið úr því að þátttakendur hafi fengið kynferðisleg komment frá árinu 2021.

7. bekkingar voru ekki spurðir 2021.



Sendendur kynferðislegra kommenta

Algengast er að fá kynferðisleg komment frá ókunnugum, næst algengast er frá kærustu eða kærasta. Aðrir valkostir voru sjaldnar (<25%).

INNGANGSORÐ

Á síðasta ári var Netvís, Netöryggismiðstöð Íslands (e. Safer Internet Centre) sett á laggirnar sem sérstakt lögbundið verkefni Fjölmiðlanefndar, en Netvís er ætlað að halda utan um rannsóknir, fræðslu og upplýsingamiðlun um félagslegt netöryggi, m.a. fyrir börn og ungmenni, foreldra og fagfólk. Til þess að sinna þessu verkefni hefur Fjölmiðlanefnd hlotið styrk úr Digital Europe styrktaráætlun Evrópusambandsins til næstu þriggja ára. Markmið áætlunarinnar er að auka fræðslu og vinna að vitundarvakningu um bæði tækifæri og áskoranir netsins fyrir börn og ungmenni í ríkjum Evrópu.

Ljóst er að stefna stjórnvalda um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi barna og ungmenna þarf að byggja á áreiðanlegum gögnum og þekkingu á því hvernig þau nota netið og upplifa sig þar. Þá þarf fræðsluefni um miðla- og upplýsingalæsi og félagslegt netöryggi að byggja á gögnum þar sem hægt er að meta árangur af fræðslu og sjá þróunina aftur í tímann. Slík fræðsla getur aldrei orðið markviss sé hún byggð á tilgátum, almennum áhyggjum eða umræðu sem mótast fyrst og fremst af einstökum atvikum sem eru til umræðu í samfélaginu hverju sinni. Bæði stefnumótun og fræðsla þarf að taka mið af raunverulegri reynslu barna og ungmenna, þeim miðlum sem þau nota, samskiptamynstri þeirra og þeim áskorunum sem þau telja skipta mestu máli í daglegu lífi. Rannsóknin Börn og netmiðlar er grunnurinn að slíku starfi.

Rannsóknin Börn og netmiðlar miðar að því að byggja upp þekkingu á stafrænu lífi barna og ungmenna á Íslandi. Þetta er í þriðja sinn sem Menntavísindastofnun Háskóla Íslands hefur unnið slíka rannsókn upp úr spurningalistum sem lagðir eru fyrir börn og ungmenni hér á landi. Rannsóknin var fyrst gerð árið 2021, endurtekin 2023 og nú eru birtar niðurstöður rannsóknargagna sem safnað var árið 2025. Þetta samstarf Menntavísindastofnunar og Fjölmiðlanefndar hefur verið einstaklega farsælt frá upphafi.

Fyrir börn og ungmenni er netið ekki sérstakur heimur sem er aðskilinn frá daglegu lífi. Börn eiga í samskiptum á netinu, það er vettvangur fyrir leiki, nám, upplýsingaleit, sköpun og þátttöku barna og ungmenna í samfélaginu. Þannig er stafrænt umhverfi órjúfanlegur hluti af daglegu lífi barna. Það er líka sú nálgun sem endurspeglast í almennri athugasemd Barnaréttarnefndar Sameinuðu þjóðanna nr. 25 um réttindi barna í stafrænu umhverfi. Þar er lögð áhersla á að réttindi barna gildi jafnt á netinu sem utan þess. Þannig hverfur ekki réttur barna til verndar, þátttöku, friðhelgi einkalífs og upplýsinga þegar samskiptin færast yfir á netið.

Niðurstöður rannsóknarinnar sýna ýmsar breytingar á milli ára. Í niðurstöðum má bæði merkja jákvæðar breytingar en jafnframt allnokkrar áskoranir. Sem dæmi hefur heldur dregið úr farsímaeign meðal yngri grunnskólanema og færri börn

segja foreldra sína aðstoða þau við að stofna aðgang að samfélagsmiðlum. Þá hefur meirihluti ungmenna fengið fræðslu um örugga netnotkun. Á sama tíma hefur þeim ungmennum sem sjá hatursorðræðu á netinu fjölgað og fleiri ungmenni sjá umræðu um sölu áfengis á netinu. Með hækkandi aldri fjölgar einnig vinabeiðnum frá einstaklingum sem þykjast vera aðrir en þeir eru.

Til að stuðla að félagslegu netöryggi barna þarf samstillta vinnu margra ólíkra aðila; foreldra, skóla, allra þeirra fjölmörgu aðila sem vinna í íþrótta- og tómstundastarfi, stjórnvalda auk tæknifyrirtækja. Það er mikilvægt að líta ekki á félagslegt netöryggi sem átaksverkefni, heldur er um að ræða viðfangsefni sem þarf sífellt að viðhalda, þróa og betrumbæta eftir því sem tækninni vindur fram og notkunin breytist. Jafnframt þarf að huga að því að fræðsluefni byggt á rannsóknum sé aðgengilegt ólíkum aldurshópum sem þurfa að fá fræðslu með reglubundnum hætti.

Vonandi verður rannsóknin góður grunnur fyrir framtíðar stefnumótun, áframhaldandi rannsóknir og fræðslu um félagslegt netöryggi barna sem tekur mið af reynsluheimi íslenskra barna og ungmenna á netinu.

ELFA ÝR GYLFADÓTTIR
Framkvæmdastjóri Fjölmiðlanefndar

FRAMKVÆMD

Fyrirlögn könnunarinnar var rafræn með úrtaki skólanema á aldrinum 9 – 18 ára um land allt. Alls tóku 7.677 nemendur þátt, þar af voru 5.234 grunnskólanemar í 4. – 10. bekk og 2.443 framhaldsskólanemar.

Könnunin var framkvæmd með nokkuð mismunandi hætti á skólastigunum tveimur. Í þeim hluta könnunarinnar sem framkvæmdur var meðal grunnskólanema voru skólar slembivaldir í öllum landshlutum. Heimild var fengin hjá skólaskrifstofum viðkomandi sveitarfélaga til að hafa samband við skólastjóra innan umdæma þeirra. Grunnskólar sem tóku þátt voru 59 af 61 boðaðra skóla.

Skólarnir sendu forsjáraðilum nemenda upplýsingabréf frá rannsakendum um fyrirhugaða könnun og þeim gefinn kostur á að hafna þátttöku. Könnunin var lögð fyrir grunnskólanemendur í kennslustund eftir settum verklagsreglum. Fyrirlögn meðal nemenda framhaldsskóla var að nokkru leyti frábrugðin. Haft var samband við 32 framhaldsskóla á landinu öllu og samþykktu 23 þeirra þátttöku. Starfsmenn skóla sendu upplýsingar um fyrirhugaða könnun til forsjáraðila allra nemenda sem ekki höfðu náð 18 ára aldri. Netpóstur með fræðslu um könnunina og þátttökuhlekk var síðan sendur í gegnum skólana til allra nemenda sem voru 18 ára eða yngri og ekki höfðu hafnað þátttöku. Skólarnir sendu út tvær ítrekanir til mögulegra þátttakenda.

Allir nemendur voru upplýstir um að þeim bæri engin skylda til að taka þátt í könnuninni, þeir mættu sleppa spurningum og hætta þátttöku hvenær sem þeir vildu. Einnig var þeim greint frá að engra persónuupplýsinga væri aflað. Þátttakendur gátu valið að svara á íslensku, ensku eða pólsku. Jafnaframt var hægt að hlusta á upplestur spurninganna.

Spurningalistar voru að meginstofni til þeir sömu fyrir alla aldurshópa. Stysta útgáfan var fyrir nemendur í 4. bekk, en lengri listi var ætlaður nemendum í 5. – 7. bekk. Nemendur á unglingastigi (8. – 10. bekk) og í framhaldsskólum fengu spurningalista með fleiri efnisflokkum. Tímabil fyrirlagnar var frá miðjum september og fram í miðjan nóvember 2025. Niðurstöður fyrir grunnskólanema voru vigtaðar fyrir bekk og landssvæði, en fyrir framhaldskólanema var vigtað eftir kyni, aldri og landssvæði.

ÞÁTTTAKENDUR

Í töflunum á þessari síðu má sjá fjölda þátttakenda í grunn- og framhaldsskólum flokkaða eftir kyni og bekk eða aldri. Þar sem niðurstöður könnunarinnar eru vigtaðar eftir kyni með viðmiðunartölum frá Hagstofu Íslands er aðeins möguleiki að birta niðurstöður fyrir stelpur og stráka.

	Strákar		Stelpur		Stálp		Vill ekki svara	
	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%	Fjöldi	%
4. bekkur	353	48,6	345	47,5	7	1,0	21	2,9
5. bekkur	394	50,8	356	45,9	6	0,8	20	2,6
6. bekkur	383	46,6	414	50,4	8	1,0	17	2,1
7. bekkur	356	45,3	412	52,4	9	1,1	9	1,1
8. bekkur	350	49,1	354	49,6	3	0,4	6	0,8
9. bekkur	338	51,7	298	45,6	8	1,2	10	1,5
10. bekkur	378	49,9	357	47,2	10	1,3	12	1,6
Framhaldsskóli	966	39,5	1393	57,0	47	1,9	37	1,5
Samtals	3518	45,8	3929	51,2	98	1,3	132	1,7

ÞAKKIR

Við þökkum skólaskrifstofum og fræðslustjórum fyrir að veita skólunum leyfi til að taka þátt í könnuninni Börn og netmiðlar. Kennarar grunnskólanna sem samþykktu góðfúslega að sjá um könnunina og öll ungmennin sem svöruðu spurningalistanum eiga bestu þakkir skilið. Skólameisturum framhaldsskólanna þökkum við fyrir að taka jákvætt í erindi okkar og aðstoða okkur við framkvæmd könnunarinnar meðal framhaldsskólanema.


1. NETEINELTI OG HÓTANIR

Til að fá raunhæfa mynd af því hversu algengt er að hafa orðið fyrir áreiti eða einelti á netinu og hvaða hópar væru sérlega útsettir fyrir því voru börn og ungmenni spurð nokkurra spurninga um það efni. Slíkar upplýsingar tryggja að rödd barna heyrist í umræðu um stafrænt öryggi og að reynsla þeirra hafi áhrif á stefnumótun, fræðslu og forvarnir.

Niðurstöður á mynd 1.1 sýna að flest ungmenni hafa ekki upplifað að einhver hafi verið vondur við þau eða lagt þau í einelti á netinu sl. 12 mánuði, í síma eða tölvuleikjum. Í 4. – 7. bekk segja 54% stráka og 64% stelpna að þetta hafi aldrei gerst. Í 8. – 10. bekk eru hlutföllin sambærileg þar sem 49% stráka og 59% stelpna hafa aldrei orðið fyrir slíku. Í framhaldsskóla fjölgar þeim líttillega sem ekki hafa orðið fyrir einelti á netinu, þ.e. 52% stráka og 60% stelpna segja að þau aldrei upplifað illsku og/eða einelti á netinu yfir þetta tímabil.

Mynd 1.1. Hafa upplifað að einhver hafi verið **vondur við þau eða lagt í einelti** á netinu, í símanum eða tölvuleikjum? *[S.l. 12 mánuði]*

Birting: Allir




Samt sem áður má sjá að umtalsverður minnihluti hefur orðið fyrir neikvæðri hegðun af þessu tagi. Í 4. – 7. bekk hafa 29% stráka og 19% stelpna upplifað þetta oft, stundum eða einu sinni. Í 8. – 10. bekk hafa 27% stráka og 24% stelpna upplifað slíkt. Í framhaldsskóla hefur um þriðjungur stráka (32%) og 29% stelpna upplifað einelti eða óvinsamlega framkomu á netinu að minnsta kosti einu sinni sl. 12 mánuði.

Heilt yfir má sjá að þó meirihluti ungmenna segi að slíkt hafi aldrei gerst, þá hefur talsverður fjöldi upplifað einelti eða neikvæða hegðun gagnvart sér á netinu og hlutföllin breytast lítið milli aldurshópa.

Mynd 1.2. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi, skrifað **ljótt komment** til þín á netinu, í tölvuleik eða á samfélagsmiðlum?


Birting: Allir



Mynd 1.2 sýnir að neikvæð ummæli á netinu verða algengari eftir því sem ungmenni eldast, sérstaklega meðal stráka í framhaldsskóla. Flest ungmenni hafa ekki fengið ljót komment á netinu síðustu 12 mánuði, en þó hefur talsverður hópur upplifað slíkt. Í 4. – 7. bekk hafa 24% stráka og 15% stelpna fengið ljót komment oft, stundum eða einu sinni. Í 8. – 10. bekk hækka hlutföllin í 34% hjá strákum og 23% hjá stelpum. Í framhaldsskóla hafa 44% stráka og 30% stelpna fengið ljót komment.

Mynd 1.3. Á hvaða appi eða vettvangi fékkst þú móðgandi eða ljót komment?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið móðgandi eða ljótt komment




Niðurstöður á mynd 1.3 sýna að TikTok og tölvuleikir á netinu eru tveir algengustu staðirnir þar sem nemendur fá móðgandi eða ljót komment. Í 8. – 10. bekk nefna 44% stráka og 59% stelpna TikTok, en 39% stráka og 17% stelpna nefna tölvuleiki á netinu. Í sama aldurshópi er Snapchat einnig algengur staður til að fá ljót komment á netinu hjá hvoru tveggja strákum (19%) og stelpum (34%).

Í framhaldsskóla er mynstur svipað en hlutfall hækkar á Snapchat og Instagram, sérstaklega hjá stelpum. Þessar niðurstöður sýna að móðgandi athugasemdir dreifast á nokkra miðla, en Snapchat, TikTok og tölvuleikir eru mest áberandi vettvangur hjá öllum hópum. Nokkrir netmiðlar sem nefndir voru í spurningunni, Facebook/ Messenger, WhatsApp, Twitter, Reddit, Twich/Live.me, KiK, Annað eða Vil ekki svara, náðu ekki 5% svörun hjá ungmennunum og er því sleppt á myndinni.

Á mynd 1.4. sést nánar hvar þátttakendur sem fá ljót komment í tölvuleikjunum eru helst útsettir fyrir kommentunum. Flest móðgandi eða ljót komment í tengslum við tölvuleiki berast nemendum þegar þeir nota spjall í leikjum, bæði í 8. – 10. bekk og í framhaldsskóla. Aðrar leiðir eins og spjall á „platformum“, í Discord eða farsímaleikir eru mun síður nefndar.


Mynd 1.4. Þú sagðist hafa fengið ljót komment í gegnum tölvuleik á netinu. Eftir hvaða leiðum var það?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið ljót komment í tölvuleik.
Fjölvalsspurning




Niðurstöðurnar á mynd 1.5 sýna að flest ungmenni hafa ekki orðið fyrir hótunum á netinu, í síma eða í tölvuleikjum sl. 12 mánuði, en þó hefur hópur nemenda upplifað slíkt og hlutföllin aukast með aldri. Í 4. – 7. bekk hafa 17% stráka og 9% stelpna upplifað hótanir, annað hvort oft/stundum eða einu sinni. Hlutföll undir fimm eru ekki sýnd á mynd. Í 8. – 10. bekk eru hlutföllin 21% hjá strákum og 12% hjá stelpum. Í framhaldsskóla hafa fleiri upplifað þetta, 30% stráka og 18% stelpna. Þetta bendir til að slík neikvæð samskipti verði algengari eftir því sem nemendur eldast og sérstaklega meðal stráka.

Mynd 1.5. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi, **hótað þér** á netinu, í símanum eða í tölvuleikjum?




Mynd 1.6 sýnir að fæstir nemendur hafa upplifað óþægilegar myndbirtingar af sér sem reitti þau til reiði. Í 4. – 7. bekk sögðust 14% stráka og 11% stelpna hafa upplifað þetta, annað hvort oft, stundum eða einu sinni. Í 8. – 10. bekk hækka hlutföllin lítillega, þar sem 22% stráka og 26% stelpna höfðu fengið óþægilegar birtingar. Í framhaldsskóla eru 23% stráka og 26% stelpna með sambærilega reynslu. Þrátt fyrir að meirihluti nemenda hafi ekki lent í slíkum myndbirtingum sýna niðurstöðurnar að allt að fjórðungur hefur orðið fyrir leiðinlegum myndbirtingum og er algengari hjá eldri nemendum.

Mynd 1.6. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi, **birt myndir** af þér sem þér leiddist eða reitti þig til reiði?



Mynd 1.7 sýnir að flestir nemendur hafa ekki verið útilokaðir frá hóp á netinu á síðustu 12 mánuðum, en þó hefur um fimmtungur nemenda upplifað slíkt. Í 4. – 7. bekk höfðu samtals 20% stráka og 13% stelpna verið útilokuð, ýmist oft eða í eitt sinn. Í 8. – 10. bekk hækka þessi hlutföll í 21% hjá strákum og 29% hjá stelpum. Í framhaldsskóla eru 24% stráka og 30% stelpna með sambærilega reynslu. Þótt meirihlutinn segi nei eða aldrei, benda niðurstöðurnar til þess að útilokun á netinu verði algengari með hækkandi aldri ungmennanna.

Mynd 1.7. Á síðustu 12 mánuðum, hefur þú upplifað að einhver hafi, **útilokað þig frá hóp** á netinu eða ekki leyft þér að taka þátt?




2. KYNFERÐISLEG KOMMENT

Myndi 2.1 sýnir hlutfall þeirra sem hafa fengið kynferðisleg komment á netinu. Í 7. bekk eru það 1% stráka og 3% stelpna. Í 8. – 10. bekk eru bæði strákar og stelpur í 9%, en í framhaldsskóla hækkar hlutfallið í 14% hjá strákum og 22% hjá stelpum. Það sést því að stelpur eru oftar en strákar útsettar fyrir kynferðislegum kommentum og munurinn milli stráka og stelpna eykst eftir því sem nemendur eldast.

Mynd 2.1. Hefur þú undanfarið ár fengið kynferðislegt komment á netinu (til dæmis á samfélagsmiðlum, í tölvuleikjum eða símanum)?


Birting: Allir í 7. bekk og eldri



Rúmur þriðjungur þeirra sem fá kynferðislegt komment í yngsta aldurshópnum finnst það viðbjóðslegt, mynd 2.2. Í 7. bekk eru það 36% stráka og 32% stelpna. Hlutfallið lækkar í 8. – 10. bekk þar sem 12% upplifa viðbjóð og helmingi fleriri stelpur eða 24%. Rúmur helmingur stráka og stelpna á unglingastigi segir að þeim hafi staðið á sama um að fá þessi komment. Í framhaldsskóla voru 16% stráka sem upplifðu viðbjóð og tæpur þriðjungur stelpna (31%). Fáir telja atvikið hafa verið spennandi eða þeim líkað það.

Mynd 2.2. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvernig upplifðir þú það?


Birting: þeir sem fengið hafa kynferðislegt komment á netinu



Á mynd 2.3 eru svör við þeim valkostum sem hægt var að merkja við þegar spurt var um sendendur kynferðislegara kommenta. Í 8. – 10. bekk segja flestir að kynferðisleg komment komi frá ókunnugum einstaklingum á netinu, 40% stráka og 60% stelpna. Næst algengast er að þau komi frá vini sem er strákur, sem 35% stelpna og 16% stráka nefna. Vinur sem er stelpa er merkt af 20% strákanna og 11% stelpna. Þá kemur kærasti eða kærasta hjá 13% stráka og 17% stelpna.

Mynd 2.3. Hver hefur sent þér kynferðislegt komment?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið kynferðislegt komment á netinu.
Fjölkostaspurning



Í framhaldsskóla er mynstur svipað, en hlutföll hærri hjá stelpum. Ókunnugir eru einnig algengastir sem sendandi kynferðislegra kommenta meðal 29% stráka og 62% stelpna. Næst koma vinir sem eru strákar, nefndir af 42% stráka og 20% stelpna. Næst koma vinir sem eru stelpur, nefndar af 31% stráka og 15% stelpna. Kærasti eða kærasta er jafnframt nefndur af 25% stráka og 19% stelpna. Fleiri valkosti sem voru nefndir má sjá á mynd 2.3.

Tafla 2.1. Á hvaða öppum eða vettvangi rakst þú fyrst á þennan ókunnuga einstakling?

	8.-10. bekkur		Framhaldsskóli	
	Strákar (%)	Stelpur (%)	Strákar (%)	Stelpur (%)
Snapchat	10	43	36	47
Instagram	17	7	4	17
TikTok	17	19	8	12
Annað	10	3	8	6
Discord	12	5	16	5
Í tölvuleik á netinu	2	15	4	4
Vil ekki segja	22	9	5	3
WhatsApp	6		4	1
Kik			8	

Í 8. – 10. bekk er Snapchat oftast nefnt sem vettvangur þeirra ókunnugu einstaklinga sem senda kynferðisleg komment, 10% stráka og 43% stelpna nefna það. Næst koma TikTok og Instagram, þar sem 17% stráka og 19% stelpna nefna TikTok en 17% stráka og 7% stelpna nefna Instagram. Discord er einnig nefnt í þessum aldurshópi meðal 12% strákanna og 5% stelpna. Hlutfall þeirra sem vilja ekki segja er 22% stráka og 9% stelpna.

Í framhaldsskóla er Snapchat einnig algengasti vettvangurinn fyrir kynferðisleg komment, þar sem 36% stráka og 47% stelpna nefna miðilinn. Instagram er næst algengast hjá stelpum eða 17% samanborið við 4% hjá stráka. TikTok er nefnt af 8% stráka og 12% stelpna. Discord er einnig áberandi hjá strákum í þessum aldurshópi, 16% strákanna samanborið við 5% stelpna. Hlutfall þeirra sem vilja ekki segja er 5% stráka og 3% stelpna.


Spurt var nánar út í eftir hvaða leiðum í tölvuleikjum kynferðislegu kommentin bárust sem ekki er sýnt í töflunni. Sex af hverjum tíu fengu kommentin þegar þau spiluðu og notuðu spjalleiginleika sem eru í ákveðnum leikjum t.d. Roblox, Fortnite eða Call of duty.

Samantekið sést að Snapchat er langalgengasti vettvangurinn þar sem kynferðisleg komment eru send, bæði í 8. – 10. bekk og í framhaldsskóla. Hlutföllin eru þar mun hærri hjá stelpum en strákum. TikTok og Instagram eru einnig meðal helstu vettvanga kynferðislegara kommenta, en þar er munur milli kynja breytilegur eftir aldurshópum. Discord er sérstaklega áberandi hjá strákum í báðum aldurshópum, þó minna hjá stelpum. Fjöldi svarenda er tiltölulega lítill í 8. – 10. bekk í þessari spurningu sökum birtingarskilyrðanna og því geta svör fárra hreyft hlutfallstölur nokkuð og gott að taka tillit til þess við samanburð milli aldurshópanna.

Helstu viðbrögð þeirra sem hafa fengið kynferðislegt komment eru sýnd á mynd 2.4. Í 8. – 10. bekk segja flestir nemendur að þeir hafi ekki gert neitt sérstakt, 38% stráka og 40% stelpna. Næst algengast er að blokkera þann sem sendi kommentið, sem 25% stráka og 34% stelpna gerðu. Hluti nemenda hélt áfram sambandi við viðkomandi, 15% stráka og 13% stelpna, og sumir tóku annað skref til dæmis 18% stráka og 5% stelpna sem „gerðu eitthvað annað". Aðeins um 8% stelpna og 5% stráka sögðu vinum eða systkinum frá og enn færri foreldrum sínum. Í framhaldsskóla sést svipað mynstur en flest með hærri hlutföllum, sérstaklega þegar kemur að því að gera ekkert, 48% stráka og 46% stelpna, eða að blokka viðkomandi, 18% stráka og 43% stelpna.

Mynd 2.4. Síðast þegar þú fékkst kynferðislegt komment á netinu, hvað gerðir þú?

Birtingarskilyrði: Að hafa fengið kynferðislegt komment



Að lokum má sjá að ákveðinn hópur segir engum frá, 9% stráka og 5% stelpna í 8. – 10. bekk, og 8% stráka og 7% stelpna í framhaldsskóla. Það eru einnig fáir sem segja foreldrum frá, aðeins 2% - 7% í báðum aldurshópum. Þetta bendir til að langflest ungmenni reyni að leysa málið sjálf eða láta það líða hjá fremur en að leita til fullorðinna.

„ ÉG UNFRIENDAÐI OG SAGÐI ENGUM "

„ ÉG ER ORÐIN SVO VÖN ÞVÍ AÐ ÉG GERI VANALEGA EKKERT "



FJÖLMIÐLANEFND



MENNTAVÍSINDASTOFNUN